


ÖRNEFNANEFND

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	28/7 2017
Málsnr:	1708012
Bréfal:	4668

Reykjavík 25. júlí 2017

Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Vakin hefur verið athygli Örnefnanefndar á auglýsingu Hafnarfjarðarbæjar á nýjum lóðum í Hafnarfirði í hverfi sem nefnist Skarðshlíð 2, suðvestan undir Ásfjalli. Vísað er til gagna um málið sem finna má á heimasíðu bæjarins (<https://www.hafnarfjordur.is/ibuar/lodir-og-teikningar/lausar-lodir/>).

Örnefnanefnd starfar eftir lögum nr. 22/2015

(<http://www.althingi.is/lagasafn/pdf/146a/2015022.pdf>). Í þeim segir meðal annars í 1. grein að markmið laganna sé verndun örnefna og nafngiftahefða í landinu, að ný örnefni séu í samræmi við íslenska málfræði og íslenska málvenju og að ný örnefni séu í samræmi við staðhætti og örnefnahefð. Samkvæmt skilgreiningu laganna í 2. grein falla hvers kyns örnefni undir verksvið nefndarinnar, þar á meðal heiti á götum, torgum og fleiri fyrirbærum í þéttbýli. Í fjórðu grein laganna segir meðal annars um nefndina að hún hafi það hlutverk að úrskurða um götunöfn og að hún hafi heimild til þess að taka mál upp að eigin frumkvæði.

Samkvæmt gögnum málsins er eftirtalin götunöfn að finna í umræddu hverfi:

Apalsskarð, Bergsskarð, Bjargsskarð, Drangsskarð, Glimmerskarð, Hádegisskarð, Malarskarð, Móbergsskarð, Stuðlaskarð, Tinnuskarð, Völuskarð.

Í ljósi þessa hlutverks og skyldu nefndarinnar vill hún gera eftirfarandi athugasemdir við fyrirhuguð götuheiti.


ÖRNEFNANEFND

Með tilliti til öryggissjónarmiða, einkum að því er varðar sjúkraflutninga og aðra neyðarþjónustu, telur nefndin ekki forsvaranlegt að nota götuheiti sem eru jafn lík og Bergsskarð og Bjargsskarð annars vegar og Bergsskarð og Móbergsskarð hins vegar. Vísa má í reglugerð um skráningu staðfanga (577/2017: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/srn/nr/0577-2017>). Þar kemur fram að sveitarfélög annist nafngiftir og beri ábyrgð á þeim. Þar er einnig vísað til starfa og ábyrgðar Örnefnanefndar þegar kemur að götuheitum. Of lík götuheiti geta leitt til misskilnings þegar kemur að neyðarþjónustu og slíkur misskilningur skapar óþarfa áhættu.

Samkvæmt uppdrætti af hverfinu sem birtur er á heimasíðu bæjarins er ekki að sjá að stafrófsröð sé fylgt í nafngiftum götuheitanna eins og venja er. Stafrófsröð götuheita er mikilvægt tæki til rötunar. Þetta er atriði sem auðveldar fólki að ná áfangastað, hvort sem um neyðartilvik er að ræða eða ekki.

Að lokum vill nefndin beina eftirfarandi fyrirspurn til bæjarins. Ein gata hverfisins ber í skipulagi heitið Glimmerskarð. Engin hefð er fyrir slíku heiti meðal íslenskra örnefna. Hugtakið glimmer er þekkt í jarðfræði þótt það sé ekki eitt af kunnari hugtökum þeirrar fræðigreinar þegar kemur að íslenskri jarðfræði. Önnur heiti gatna í skipulaginu virðast einnig bera þekkt orðliði úr íslensku jarðfræðimáli, t.d. apall, hraun, tinna o.fl. Aðrir orðliðir virðast sóttir í íslenskt landslag þótt þar sé ekki endilega um hugtök í jarðfræði að ræða, t.d. drangur, vík, bjarg og hádegi (Hádegisskarð er reyndar til sem örnefni á þessum slóðum). Telur bærinn koma til greina að velja annað nafn á götuna en Glimmerskarð, t.d. nafn sem samræmist betur íslenskum nafngiftahefðum og vísar til þekktara fyrirbæris í íslenskri jarðfræði eða úr íslensku landslagi?

Virðingarfyllt,



F.h. Örnefnanefndar

Þórunn Sigurðardóttir formaður